

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 472/2014 um samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði“ í 1. mgr. kemur: lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.
- b. 2. mgr. orðast svo: Í reglugerð þessari er að finna ákvæði um verklag og framkvæmd við samruna verðbréfasjóða skv. X. kafla laga nr. 116/2021 og ákvæði um starfsemi höfuðsjóða og fylgisjóða skv. XI. kafla sömu laga, auk ákvæða um tilkynningar í tengslum við markaðssetningu verðbréfasjóða, sbr. XII. kafla laganna.

2. gr.

2.-6. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

3.-8. gr. reglugerðarinnar falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. og 3. mgr. falla brott.
- b. 2. mgr. orðast svo: Upplýsingar sem veita skal eigendum hlutdeildarskírteina skv. 83. gr. laga nr. 116/2021 skulu ritaðar á gagnorðan hátt og á skiljanlegu máli þannig að eigendum hlutdeildarskírteina sé gert kleift að taka upplýsta ákvörðun um áhrif fyrirhugaðs samruna á fjárfestingu sína.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „b-lið 3. mgr. 9. gr.“ í inngangstexta 1. mgr. kemur: 2. tölul. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 116/2021.
- b. Í stað „frammiðtengt“ í d- og e-lið 1. mgr. kemur: árangurstengt.
- c. Í stað „15. gr.“ í f-lið 1. mgr. kemur: 85. gr. laga nr. 116/2021.
- d. Í stað „b-lið 3. mgr. 9. gr.“ í 2. mgr. kemur: 2. tölul. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 116/2021.
- e. Í stað „c-lið 3. mgr. 9. gr.“ í inngangstexta 3. mgr. kemur: 3. tölul. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 116/2021.
- f. Í stað „8. gr.“ í b-lið 3. mgr. kemur: 82. gr. laga nr. 116/2021.
- g. Í stað „a–b-lið 2. tölul. 2. gr.“ í 4. mgr. kemur: a–b-lið 18. tölul. 3. gr. laga nr. 116/2021.
- h. Í stað „d-lið 3. mgr. 9. gr.“ í inngangstexta 5. mgr. kemur: 4. tölul. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 116/2021.
- i. Í stað „16. gr.“ í b-lið 5. mgr. kemur: 86. gr. laga nr. 116/2021.
- j. Í stað „14. gr.“ í b-lið 6. mgr. kemur: 84. gr. laga nr. 116/2021.

6. gr.

Í stað „1. mgr. 9. gr.“ í 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar kemur: 83. gr. laga nr. 116/2021.

7. gr.

14.-18. og 20.-25. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögnum falla brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „34. gr. laga nr. 128/2011“ í inngangstexta kemur: 66. gr. laga nr. 116/2021.

b. Í stað „2. mgr. 18. gr.“ í inngangstexta kemur: 2. mgr. 89. gr. laga nr. 116/2021.

9. gr.

Í stað „1. mgr. 25. gr.“ í inngangstexta 26.-27. og 29.-31. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. mgr. 91. gr. laga nr. 116/2021.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „1. mgr. 25. gr.“ í inngangstexta kemur: 1. mgr. 91. gr. laga nr. 116/2021.
- b. Í stað „2. mgr. 25. gr.“ í d-lið 1. mgr. kemur: 2. mgr. 91. gr. laga nr. 116/2021.
- c. Í stað „38. gr.“ í f-lið 1. mgr. kemur: 92. gr. laga nr. 116/2021.

11. gr.

Í stað „25. gr.“ í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar kemur: 91. gr. laga nr. 116/2021.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „3. mgr. 25. gr.“ kemur: 3. mgr. 91. gr. laga nr. 116/2021.
- b. Í stað orðanna „viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags“ kemur: viðskiptahætti og áhættustýringu.

13. gr.

Í stað „3. mgr. 25. gr.“ í inngangstexta 34. og 36.-37. gr. reglugerðarinnar kemur: 3. mgr. 91. gr. laga nr. 116/2021.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „3. mgr. 25. gr.“ í inngangstexta kemur: 3. mgr. 91. gr. laga nr. 116/2021.
- b. Í stað „25. gr.“ í d-lið kemur: 91. gr. laga nr. 116/2021.
- c. Í stað „38. gr.“ í f-lið kemur: 92. gr. laga nr. 116/2021.

15. gr.

38. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „a-lið 1. mgr. 38. gr.“ í a-lið 1. mgr. kemur: a-lið 1. mgr. 92. gr. laga nr. 116/2021.
- b. Í stað „3. mgr. 51. gr. laga nr. 128/2011“ í iii-lið a-liðar 1. mgr. kemur: 2. mgr. 56. gr. laga nr. 116/2021.
- c. Í stað „17. gr.“ í iv-lið a-liðar 1. mgr. kemur: 90. gr. laga nr. 116/2021.
- d. Í stað „b-lið 1. mgr. 38. gr.“ í b-lið 1. mgr. kemur: b-lið 1. mgr. 92. gr. laga nr. 116/2021.

17. gr.

Í stað „21. gr.“ í 3. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar kemur: 96. gr. laga nr. 116/2021.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „4. mgr. 38. gr.“ í inngangstexta 1. mgr. kemur: 4. mgr. 92. gr. laga nr. 116/2021.
- b. Í stað „17. gr.“ í iv-lið b-liðar 1. mgr. kemur: 90. gr. laga nr. 116/2021.
- c. Í stað „b-lið 1. mgr. 38. gr.“ í inngangstexta c-liðar 1. mgr. kemur: b-lið 1. mgr. 92. gr. laga nr. 116/2021.
- d. Í stað „9. gr.“ í 4. mgr. kemur: 83. gr. laga nr. 116/2021.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „b-lið 41. gr.“ í 2. mgr. kemur: b-lið 1. mgr. 41. gr.
- b. Í stað „14. gr.“ í 2. mgr. kemur: 96. gr. laga nr. 116/2021.
- c. Í stað „3.-5. mgr. 38. gr.“ í 3. mgr. kemur: 3.-5. mgr. 92. gr. laga nr. 116/2021.
- d. Í stað „b-lið 5. mgr.“ í 5. mgr. kemur: b-lið 4. mgr.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1., 3. og 4. mgr. falla brott.
- b. Í stað „1. mgr.“ í inngangstexta 2. mgr. kemur: 93. gr. laga nr. 116/2021.
- c. Í stað „4. mgr. 25. gr.“ í i-lið c-liðar 2. mgr. kemur: 91. gr. laga nr. 116/2021.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „25. gr.“ tvisvar í 1. mgr. kemur: 91. gr. laga nr. 116/2021.
- b. 2. mgr. orðast svo: Ef innri viðskiptareglur hafa komið í stað samkomulags, sbr. 3. mgr. 91. gr. laga nr. 116/2021, skal í samkomulagi milli vörslufyrirtækja höfuðsjóðs og fylgisjóðs skv. 43. gr. kveðið á um að gildandi lög um samning um upplýsingaskipti á milli vörslufyrirtækjanna skuli annaðhvort vera lög þess aðildarríkis þar sem fylgisjóðurinn er með staðfestu eða, ef ekki sama aðildarríki, þar sem höfuðsjóðurinn er með staðfestu. Vörslufyrirtæki sjóðanna skulu samþykka að dómstólar þess ríkis hvers lög skulu gilda um samninginn um upplýsingaskipti hafi lögsögu komi til ágreinings.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað „1. mgr.“ í inngangstexta 2. mgr. kemur: 4. mgr. 93. gr. laga nr. 116/2021.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. og 4. mgr. falla brott.
- b. Í stað „1. mgr.“ í inngangstexta 2. mgr. kemur: 94. gr. laga nr. 116/2021.
- c. Í stað „3. mgr.“ í e-lið 2. mgr. kemur: 2. mgr. 94. gr. laga nr. 116/2021.
- d. 3. mgr. orðast svo: Í samkomulagi skv. 1. mgr. skal fjallað um gerð endurskoðunarskýrsla skv. 94. gr. og 55. gr. laga nr. 116/2021 og með hvaða hætti og hvenær skal leggja endurskoðunarskýrslu höfuðsjóðs og drög að henni fyrir endurskoðanda fylgisjóðsins.
- e. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi: Ef fylgisjóður og höfuðsjóður eru með mismunandi lok uppgjörársárs skal samkomulag skv. 1. mgr. kveða á um með hvaða hætti og hvenær endurskoðandi höfuðsjóðs skal útvega endurskoðunarskýrslu skv. 2. mgr. 94. gr. laga nr. 116/2021 og leggja hana og drög að henni fyrir endurskoðanda fylgisjóðsins.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „25. gr.“ tvisvar sinnum í 1. mgr. kemur: 91. gr. laga nr. 116/2021.
- b. 2. mgr. orðast svo: Ef innri viðskiptareglur hafa komið í stað samkomulags, sbr. 3. mgr. 91. gr. laga nr. 116/2021, skal í samkomulagi milli endurskoðenda höfuðsjóðs og fylgisjóðs skv. 46. gr. kveðið á um að gildandi lög um samning um upplýsingaskipti á milli endurskoðendanna skuli annaðhvort vera lög þess aðildarríkis þar sem fylgisjóðurinn er með staðfestu eða, ef ekki sama aðildarríki, þar sem höfuðsjóðurinn er með staðfestu. Endurskoðendur sjóðanna skulu samþykka að dómstólar þess ríkis hvers lög skulu gilda um samninginn um upplýsingaskipti hafi lögsögu komi til ágreinings.

25. gr.

Við III. kafla reglugerðarinnar bætist nýr þáttur, 6. þáttur, **Aðferð við veitingu upplýsinga til eigenda hlutdeildarskírteina**, með einni grein, 47. gr. a, ásamt fyrirögn, svohljóðandi:

Aðferð við veitingu upplýsinga til eigenda hlutdeildarskírteina.

Fylgisdóður skal veita eigendum hlutdeildarskírteina upplýsingar skv. 96. gr. laga nr. 116/2021 með sama hætti og kveðið er á um í 13. gr.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. fellur brott.
- b. Inngangstexti 2. mgr. orðast svo: Upplýsingar sem gera skal aðgengilegar skv. 3. mgr. 103. gr. laga nr. 116/2021 skulu hafa að geyma eftirfarandi:
- c. Á eftir orðunum „eða innlausnar á hlutdeildarskírteinum“ í g-lið 2. mgr. kemur: sbr. 101. gr. laga nr. 116/2021.

27. gr.

Í stað „2. mgr. 48. gr. laga nr. 128/2011“ í 1. mgr. 49. gr. reglugerðarinnar kemur: 2. mgr. 100. gr. laga nr. 116/2021.

28. gr.

Í stað „2. mgr. 48. gr.“ í 1. mgr. 50. gr. reglugerðarinnar kemur: 2. mgr. 100. gr. laga nr. 116/2021, sbr. 8. og 9. mgr. 100. gr. sömu laga.

29. gr.

Í stað „56. gr. d., 56. gr. g. og 64. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði“ í 1. mgr. 52. gr. reglugerðarinnar kemur: 77., 83., 89., 91.-94., 96., 100., 103. og 1. mgr. 134. gr. laga nr. 116/2021.

30. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 77., 83., 89., 91.-94., 96., 100., 103. og 1. mgr. 134. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, öðlast gildi 1. september 2021.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 24. ágúst 2021.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Elisabet Júlíusdóttir.